

Netöryggistrygging

Staðlað upplýsingarblað um Netöryggistrygging



Upplýsingaskjal E-49

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á skirteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um tryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt skirteini.

Hvernig trygging er Netöryggistrygging?

Netöryggistrygging veitir fyrirtækjum tafarlausan aðgang að erlendum sérfræðingum í netöryggi og fjárhagslega vernd í kjölfar netárásar. Tryggingin er mikilvægur þáttur í áhættustýringu fyrirtækja en kemur ekki í stað tæknilegra varna, öryggisvöktunar eða markvissrar netöryggisstjórnunar. Tryggingin er ætluð litlum og meðalstórum fyrirtækjum, það er að segja fyrirtækjum eða samstæðum með árlega veltu undir 1,5 milljörðum króna.



Hvað bætir tryggingin?

Viðbragð við netárás

- ✓ Tryggingin veitir aðgang að sérfræðingum í netöryggi komi til netárásar sem aðstoða við rannsókn á tilurð og umfangi netárásar og jafnframt ráðgjöf um hvernig best sé að stöðva hana og lágmarka tjón.
- ✓ Fyrsta viðbragð er alltaf að hringja í síma 800-4533 þar sem samstarfsaðili Varðar aðstoðar fyrirtækið. Sú aðstoð er á ensku og til staðar allan sólarhringinn.
- ✓ Undir netárás fellur óheimill aðgangur þriðja aðila, eða notkun, á tölvukerfi eða gagnaeignum tryggingartaka.

Rekstrartjón

- ✓ Tryggingin bætir rekstrartjón af völdum netárásar á eigin kerfi tryggðs fyrirtækis ef netárás veldur því að fyrirtækið getur ekki notað eigin tölvukerfi eða gagnaeignir.
- ✓ Með rekstrartjóni er átt við tapaðan hagnað, fastan kostnað og viðbótarkostnað til að draga úr rekstrartjóni.

Ábyrgðartrygging

- ✓ Trygging bætir tjón vegna skaðabótaábyrgðar eða sekta sem falla á vegna gagnaleka á viðkvæmum persónuverndarupplýsingum í vörslu tryggingartaka sem rekja má til netárásar á kerfi þess.
- ✓ Trygging bætir tjón vegna skaðabótaábyrgðar sem fyrirtækið ber þriðja aðila sem rekja má til netárásar á kerfi þess.



Tryggingin bætir ekki

Viðbragð við netárás

- ✗ Kostnað við fyrsta viðbragð frá öðrum en viðurkenndum samstarfsaðilum Varðar nema staðfest samþykki liggja fyrir.

Rekstrartjón

- ✗ Rekstrartap vegna netárásar á tölvukerfi sem ekki eru í eigu og umsjón tryggðs fyrirtækis eða samstæðu þess.
- ✗ Rekstrartap sem verður á fyrstu 12 tímum netárásar og allt rekstrartap sem á sér stað 90 dögum eftir netárás.
- ✗ Fjárhagstjón vegna hlutabréfa-, gjaldeyrisviðskipta eða annarra fjármálagjörninga. Þótt rekja megi tjón til netárásar.

Ábyrgðartrygging

- ✗ Hvers konar líkamstjón.
- ✗ Lausnargjald eða annars konar fjárkúgun.
- ✗ Hvers konar tjón af völdum segulsviðs.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Tryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á skirteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.
- Bótafjárhæð er takmörkuð við tilgreinda tryggingarfjárhæð á skirteini. Vakin er sérstök athygli á því að hún er í EUR en bætur greiðast í ISK.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á þeim stað sem tiltekin er í skirteini.



Hverjar eru helstu skyldur þess tryggða?

Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu. Þegar tjón hefur orðið, eða þau atvik verða sem valdið geta tjóni, er tryggðum skylt að tilkynna Verði það án tafar, auk þess sem hann skal tilkynna það lögreglunni ef um ólöglegt athæfi er að ræða.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst tryggingarverndin og hvernig lýkur henni?

Tryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu.